



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Osborne leikur Shostakovitsj

28. apríl 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

Áætluð tímalengd verka:

Choralis: 12'

Píanókonsert: 19'

Rúmenskir þjóðdansar: 6'

Konsert fyrir hljómsveit: 29'

Mynd á kápu:

Þórir Jóhannsson, bassaleikari.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Osborne leikur Shostakovitsj

Tónleikar í Eldborg 28. apríl 2016 » 19:30

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Steven Osborne einleikari

Jón Nordal

Choralis (1982)

Dmitrij Shostakovitsj

Píanókonsert nr. 2 í F-dúr (1957)

Allegro

Andante –

Allegro

Hlé

Béla Bartók

Rúmenskir þjóðdansar (1915/1917)

Jocul cu bâță (Stafðans)

Brâul (Mittislindadans)

Pe loc (Stappdans)

Buciumeana (Dans frá Bucsum)

Poarga Românească (Rúmenskur polki)

Mărunțel (Hraður dans)

Witold Lutosławski

Konsert fyrir hljómsveit (1950–54)

Intrada (Allegro maestoso)

Capriccio notturno e Arioso

Passacaglia, Toccata e Corale

Daníel Bjarnason

hljómsveitarstjóri



 @DanielBjarnason

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Filharmóníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká auk Hljómsveitar Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams, André de Ridder, Ilan Volkov og Alexander Mielke auk þess að eiga samstarf við ýmsar hljómsveitir á borð við Sigur Rós, Hjaltalín og Efterklang. Daníel hefur stjórnað sýningum Íslensku óperunnar á *Ástardrykknum*, *Rigoletto*, *Töfraflautunni* og *La bohème*. Einnig stjórnaði hann í fyrra óperunni *Peter Grimes* eftir Britten, sem var samvinnuverkefni SÍ, Íslensku óperunnar og Listahátíðar í Reykjavík og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin nú nýverið.

Daníel hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna, m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin, Edduverðlaunin, Kraumsverðlaunin og styrk úr minningar-sjóði Kristjáns Eldjárns.

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir sem slíkur margþættu hlutverki bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefna-valsnefnd hljómsveitarinnar og stýra tónskáldastofu.



 @StevenOsborne

Steven Osborne

einleikari

Steven Osborne er fæddur í Skotlandi 1971 og þykir meðal fremstu píanóleikara samtímans. Hann hefur komið fram með fjölda virtra hljómsveitarstjóra, m.a. Christoph von Dohnányi, Vladimir Ashkenazy, Yan Pascal Tortelier, Andrew Litton og Alan Gilbert, og hefur leikið einleik með sinfóníuhljómsveitunum í Birmingham og Berlín, Fílharmóníuhljómsveitinni í München og Finnsku útvarpshljómsveitinni. Hann heldur árlega einleikstónleika í Wigmore Hall og hefur komið margsinis fram á Proms, tónlistarhátíð Breska ríkisútvarpsins, auk þess sem hann hefur haldið einleikstónleika í Fílharmóníunni í Berlín, Kennedy Center í Washington og Carnegie Hall í New York, svo fátt eitt sé nefnt.

Osborne hefur hljóðritað á þriðja tug geisladiska fyrir Hyperion-útgáfuna. Meðal þeirra er margrómuð hljóðritun af píanóverki Messiaens, *Tuttugu tillit til Jesúbarnsins*, auk þess sem diskur hans með öllum prelúdíum Debussys hefur einnig hlotið mikið lof. Tvær útgáfur hans hafa hlotið hin virtu Gramophone-verðlaun, píanókonsert Britten árið 2009 og diskur með verkum eftir Músorgskí og Prokofíev árið 2013. Osborne er margfaldur verðlaunahafi í virtum píanókeppnum, og hlaut m.a. fyrstu verðlaun í Naumburg-píanókeppninni í New York og í Clöru Haskil-keppninni.

Osborne hefur tvisvar áður leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í *Turungalíla-sinfóníunni* eftir Olivier Messiaen árið 2009 og báða píanókonserta Ravels í Hörpu árið 2012.

Jón Nordal

Choralis



© Karólína Thorarensen

Jón Nordal (f. 1926) er tvímælaust eitt mesta tónskáld Íslands. Hann var einn af forvígismönnum módernismans á Íslandi gegnum félagsskapinn Musica Nova og stýrði æðstu stigum tónlistarkennslu á Íslandi sem skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík 1959–92. Í tónlist Jóns er engu ofaukið. Hún er innhverf og djúphugul, einkennist af hægfare en litríku hljómaferli.

Árið 1982 falaðist sellóleikarinn og stjórnandinn Mstislav Rostropovítsj eftir nýju verki eftir Jón í tilefni kynningar-átaksins *Scandinavia Today* sem haldið var í Bandaríkjunum það ár. Choralis var flutt af Þjóðarsinfóníuhljómsveit Bandaríkjanna undir stjórn Rostropovítsj í Kennedy Center í nóvember 1982, og stuttu síðar í Carnegie Hall. Verkið hefur þjóðlegan blæ, ekki síst vegna þess að í verkinu vísar Jón til Liljulgagsins svokallaða við kvæði Eysteins Ásgrímssonar munks. Lagið er eitt hið sérstæðasta meðal íslenskra þjóðlaga, ekki síst hvað tóntegundina snertir. „Þetta lag er einhvern veginn hluti af sjálfum mér,“ segir Jón. „Ég man að ég uppgötvaði það um fermingu, ég lá heilmikið í þjóðlögnum á stríðsárunum og það hafði mikil áhrif á mig.“

Tónlistin á Íslandi

Choralis var frumflutt í Bandaríkjunum en hljómaði fyrst á Íslandi í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1983 undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat. Sí hafði verkið í farteskinu í Frakklandsför sinni árið 1985, en síðast hljómaði það á afmælistónleikum Jóns í Háskólabíói vorið 2006 (stj. Petri Sakari). Þess má einnig geta að Fílharmóníuhljómsveitin í Poznań lék verkið á Listahátíð í Reykjavík árið 1988. Choralis er á nýjum geisladiski Sí með hljómsveitarverkum Jóns Nordal sem væntanlegur er á markað í haust.

Liljulagið hljómar aldrei í heild í tónsmíð Jóns, en hann gefur hendingar þess í skyn hvað eftir annað. Eftir stuttan inngang heyrast brot úr Liljustefinu við lágværan slagverksundirleik. Í framhaldinu kennir ýmissa grasa, allt frá veikum lúðraköflum og upp í tilfinningaþrunginn hápunkt. Fiðlurnar eiga síðasta orðið. Ljóðræn hending þeirra er byggð á upphafstónum Liljulgagsins, og hún fetar sig smám saman frá neðsta tónsviði upp í hæstu hæðir.

Dmitrj Shostakovitsj

Píanókonsert nr. 2



Dmitrj Shostakovitsj (1906–1975) samdi tvo píanókonserta sem báðir eru eins konar skemmtitónlist, án þess dramatíska inntaks sem einkennir sínfóniur hans og kammerverk. Lagrænir hæfileikar hans njóta sín til fulls og gleðin virðist fölskvalausari en oft áður.

Fyrri píanókonsertinn samdi Shostakovitsj fyrir sjálfan sig að leika, enda var hann einkar snjall á hljóðfærið. Seinni konsertinn var aftur á móti útskriftarverk fyrir átján ára gamlan son tónskáldsins, Maxim, sem var efnilegur píanisti en sneri sér síðar að hljómsveitarstjórn. „Þessi konsert hefur í sjálfu sér ekkert listrænt gildi,“ skrifaði Shostakovitsj viku eftir að hann lauk við konsertinn í febrúar 1957. Hér hefur hann kannski verið full dómharður í eigin garð. Vissulega sjáum við hér aðra hlið en þá sem við blasir í sínfóniunum, en konsertinn er ekkert síðri fyrir það. Þetta er sá Shostakovitsj sem gat, þrátt fyrir kúgun og ofsóknir sovéskra yfirvalda, leikið á als oddi í góðra vina hópi og hrópað manna hæst á fótboltaleikjum.

Fyrsti kaflinn hefst á gamansömu fagottstefi sem setur tóninn fyrir verkið allt. Shostakovitsj gætir þess að gera ekki of miklar tækniröfur til píanistans, þess í stað er spenna verksins borin uppi af fjörugum hryn og litríkri hljómsveitarútsetningu. Í draumkenndu andrúmslofti hæga kaflans bregður fyrir bergmáli frá síðrómantískum píanókonsertum Griegs og Rakhmanínovs. Þótt yfirborðið sé einfalt er tjáningin einlæg og úrvinnsla hugmyndanna einkar snjöll. Lokabátturinn er fjörugt rondó þar sem meðal annars bregður fyrir líflegum dansþáttum í 7/8-takti og ógnarhröðum tónstigum sem hljóma eins og Czerny-æfing sem farið hefur úr böndunum.

Tónlistin á Íslandi

Píanókonsert nr. 2 eftir Shostakovitsj hefur hljómað þrisvar sinnum í heild í flutningi SÍ. Ása Briem lék konsertinn árið 1996, Víkingur Heiðar Ólafsson árið 2005 og Peter Jablonski ári síðar. Einnig lék Anna Guðný Guðmundsdóttir hæga þáttinn á tónleikum á Menningarnótt 2013. Ástríður Alda Sigurðardóttir flutti konsertinn með Sínfóníuhljómsveit áhugamanna vorið 2006.



Béla Bartók

Rúmenskir þjóðdansar

Béla Bartók (1881–1945) var helsta tónskáld Ungverjaland á 20. öld og uppruni hans mótaði lífsstarfið allt. Hann leit á það sem hlutverk sitt að bjarga þjóðlegri tónlist heimalands síns frá gleymsku og á árunum 1906–14 hélt hann í ótal leiðangra um fjallahéruð þar sem hann leitaði uppi alþýðufólk sem kunnir ógrynnin öll af söngvum. Bartók varð með tíð og tíma afkastamikill þjóðlagasafnari og fræðimaður. Hann hélt sig ekki einungis við sveitir heimalands síns heldur safnaði nærri 10.000 þjóðlögum frá Rúmeníu, Slóvakíu, Búlgaríu, Króatíu og Serbíu, og hélt jafnvel í leiðangur til Norður-Afríku í því skyni.

Eftir því sem árin liðu varð tónlist Bartóks gegnsýrð af anda þjóðlagsins. Jafnvel þegar hún var að öllu leyti frumsamin ber hún blæ bændasöngvanna sem urðu honum eins og annað móðurmál. Bartók var einnig afkastamikill útsetjari og eitt vinsælasta verk hans í þeirri grein er svíta sex þátta fyrir píanó sem hann setti saman árið 1915 en útsetti fyrir hljóðfæraflokk tveimur árum síðar. Upphaflegur titill verksins, *Rúmenskir þjóðdansar frá Ungverjalandi*, er á sinn hátt lýsandi því að Bartók safnaði lögunum í Transylvaníu, sem var hluti Ungverjaland til ársins 1920 en hefur verið bitbein Ungverjaland og Rúmeníu svo öldum skiptir.

Fyrsta lagið heyrði Bartók í flutningi tveggja sígaunafiðlara í þorpinu Mezőcsávás í Transylvaníu, næstu tvö lögín eru dansar frá Igríð og seinni dansarnir eru einnig frá rúmenskum héruðum sem fyrir öld voru á fyrrráðasvæði Ungverjaland. Vinsældir þessa lagaflokks eru umtalsverðar og þar koma væntanlega til eiginleikar stefjanna sjálfra en ekki síður búningurinn sem Bartók hefur klætt þau í. Sum stefin eru kröftug en önnur blíð, og í þriðja dansinum má jafnvel greina arabísk áhrif í sérkennilegum tónarunum laglínunnar.

Tónlistin á Íslandi

Rúmenskir dansar Bartóks heyrðust fyrst á Íslandi í flutningi Björns Ólafssonar og Árna Kristjánssonar á tónleikum í hátíðarsal Háskóla Íslands vorið 1941. Í viðameiri útsetningu heyrðust þeir á tónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1949, fluttir af kennurum skólans undir stjórn Victors Urbancic. Árið 1950 hljómuðu dansarnir á fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þá undir stjórn Róberts A. Ottóssonar, og sveitin lék þá aftur ári síðar. Árið 1952 lék Jón Nordal dansana á píanó á einleikstónleikum í Austurbæjarbíói og síðan hafa þeir hljómað margoft hér á landi í ýmsum útsetningum.

Witold Lutosławski

Konsert fyrir hljómsveit



Konsertar fyrir hljómsveit, þar sem allir hópar hljómsveitarinnar fá að láta ljós sitt skína, urðu ekki til fyrr en á 20. öld. Paul Hindemith samdi einn slíkan árið 1925, Stravinskíj konsert fyrir kammersveit, *Dumbarton Oaks*, árið 1938, og Zoltán Kodály árið 1940. Eitt verk með þessu heiti ber þó höfuð og herðar yfir önnur, tónsmíð Béla Bartóks frá árinu 1943. Ljóst er að Witold Lutosławski (1913–1994) samdi verk sitt innblásinn af Bartók. Verk beggja eru glæsítónsmíðar þar sem öll hljóðfæri hljómsveitarinnar standa jafnfætis og fá að spreyta sig á hlutverki einleikarans um stund. Þau eru á sinn hátt vitnisburður um framfarir í atvinnumennsku og gæðum hljómsveita á 20. öld.

Þegar nýstofnuð Fílharmóníuhljómsveit í Varsjá falaðist eftir þessu verki frá Lutosławski var ferill hans í molum. Nasistar höfðu handsamað hann árið 1939 en honum tókst að flýja og var í felum þar til heimsstyrjöldinni lauk. Þá tók við annars konar stríð. Yfirvöld fordæmdu fyrstu sífóníu Lutosławskis (1948) fyrir „formalísma“ og hann var rekinn úr Tónskáldafélagi Póllands. Konsert fyrir hljómsveit var fyrsta stóra verk Lutosławskis í hinum þjóðlega stíl sem einkenndi verk hans á árunum eftir fyrstu sífóníuna. Árið 1960 urðu aftur straumhvörf; það ár var píanókonserti Johns Cage útvarpað í Póllandi og Lutosławski sagði síðar að þessar fáu mínútur hefðu breytt lífi sínu, og að skyndilega hafi honum verið ljóst hvert halda skyldi í eigin tónsköpun.

Konsert fyrir hljómsveit er í þremur þáttum. Sá fyrsti er byggður á pólsku þjóðlagi sem vex hægt yfir djúpum bassatóni. Um miðbikið nær tónlistin áhrifamiklu flugi en deyr út að lokum; djúpu tónarnir ná nú yfir allt tónsviðið, allt upp í klingjandi selestu. Annar þáttur hefst sem dularfull næturstemning, örveik en feiknahröð „hvísí“-tónlist. Miðkaflinn er tilþrifamikilið stef fyrir trompeta þar sem leikið er á hæsta styrk. Í lokatöktunum stela slagverksleikararnir senunni, jafnvel þótt leikið sé í örveikri dýnamík.

Tónlistin á Íslandi

Konsert fyrir hljómsveit hefur hljómað fimm sinnum í flutningi SÍ, fyrst árið 1967 undir stjórn Bohdans Wodiczko, tvisvar undir stjórn Páls P. Pálssonar (1978 og 1990) og Petris Sakari (1998). Baldur Brönniman stjórnaði síðasta flutningi verksins á Íslandi, í Háskólabíói árið 2011. Auk þess hefur SÍ m.a. flutt sífóníur Lutosławskis nr. 1, 3 og 4, hljómsveitarverkið *Livres*, sellókonsert og fjöðlukonsertinn *Chain II*.

Lokaþátturinn er lengsti kafli verksins og skiptist í þrjá hluta. Fyrst kemur passacaglia, tilbrigði um síndurtekið bassastef sem hljómar fyrst í kontrabössum en fíkrar sig upp tónsviðið. Þá tekur við hröð og glæsileg tokkata og því næst sálmalag þar sem trompetar og básúnur eru í forgrunni. Að lokum setur Lutosławski á fulla ferð og verkinu lýkur með viðeigandi bravúr.

Árni Heimir Ingólfsson

Á döfinni

Föstudagsröðin – tímamótaárið 1910

Fös. 6. maí » 18:00



Á þessum föstudagstónleikum er í forgrunni hinn litríki og magnaði ballett Stravinskíjs, Eldfuglinn. Þetta verk, sem einmitt var samið 1910, markaði upphafið á glæstum ferli Stravinskíjs sem balletttónskálds. Sama ár samdi Anton Webern allt annars konar verk þar sem gælt er við þögnina, fjóra stutta kafla fyrir fiðlu og píanó. Á meðan sat Debussy í París og samdi prelúdíur fyrir píanó, hrifandi tónlist þar sem gælt er við ótal litbrigði flygilsins. Sif Tulinius og Anna Guðný Guðmundsdóttir flytja verk Weberns og Debussys en hljómsveitin öll flytur balletttónlist Stravinskíjs undir stjórn Daníels Bjarnasonar, staðarlistamanns Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ævintýrið um Eldfuglinn

Lau. 7. maí » 14:00



Í heillandi ævintýrinu um Eldfuglinn segir frá Ívani prins sem er hugrakkur með eindæmum og risastórum fugli sem logar í alls konar rauðum og gulum litum rétt eins og sólin sjálf hafi tekið sér bólfestu í fjöðrum hans. Þetta er Eldfuglinn, eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af.

Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Barbara trúður tónleikagestum frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu og gulleplunum. Myndum sem sýna Eldfuglinn dansa og svífa á milli greina töfra-trjáanna verður varpað upp meðan á flutningi stendur. Skapandi grímugerð stendur fuglavinum á öllum aldri til boða fyrir og eftir tónleikana. Stjórnandi Daníel Bjarnason.

Á döfinni

Rhapsody in Blue

Fim. 12. maí » 19:30



Þessi efnisskrá skartar sannkölluðum eftirlætisverkum eftir dáðustu tónjöfra Bandaríkjanna. Forleikurinn að óperettunni *Candide* eftir Bernstein hlaut afbragðs viðtökur strax við frumflutning 1956 og hefur verið vinsælt glæsi-stykki allar götur síðan. *Rhapsody in Blue* eftir Gershwin og *Appalachian Spring* eftir Copland teljast til merkustu bandarísku tónverka 20. aldar og *Adagio* fyrir strengi eftir Barber til þeirra allra fegurstu. JoAnn Falletta og Orion Weiss eru sérfræðingar í bandarískri tónlist og hafa hlotið mikið lof fyrir samstarf sitt, en þau hafa hljóðritað hljóm-sveitarverk Gershwins fyrir Naxos-útgáfuna. Falletta er aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Buffalo og Sinfóníuhljómsveitar Virginíu, en Orion Weiss hefur komið fram með mörgum helstu hljómsveitum Bandaríkjanna.

Tónleikakynning » 18:00

Emilíana Torrini og Sinfó

Fim. 19. maí » 20:00



Óþarft er að kynna Emilíönu Torrini fyrir íslenskum tónlistarunnendum. Hún hefur fyrir löngu vakið athygli heimsins fyrir söng sinn og lagsmíðar og m.a. verið tilnefnd til Grammy-verðlaunanna. Emilíana hefur hlotið ótal verðlaun og starfað með heimsþekktum tónlistarmönnum á borð við Kylie Minogue, Moby og Sting. Á tónleikunum hljómar úrval hennar bestu laga af vinsælum diskum hennar auk þess sem hún syngur *Gollum's Song* úr kvikmyndinni *Hringadróttins sögu*. Hljómsveitarstjóri er Hugh Brant.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Himnasælusinfónían

Fim. 9. júní » 19:30

Rolf Martinsson *Ich denke dein...*
Gustav Mahler *Sinfónía nr. 4*




Stjórnandi Antonello Manacorda
Einsöngvari Lisa Larsson

Tryggið ykkur miða

Sænska sópransöngkonan Lisa Larsson hefur á glæstum ferli sungið í helstu óperu- og tónleikahúsum heimsbyggðarinnar. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands syngur hún ljóðin fimm í verki Rolf Martinssons og himinsælu-ljóðið í ægifagurri 4. sinfóníu Mahlers.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

   @icelandsymphony #sinfó

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

Hljómsveit á tónleikum

28. apríl 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Gunnhildur Daðadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Ingrid Karlsdóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Christian Diethard
Pascal La Rosa
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Laufey Jensdóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir
Ásdís Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjann Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Jón Halldór Finnsson

TÚBA

Carl Roine Hultgren

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Wage

PIANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

CELESTA

Valgerður Auður Andrésdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier aðalhljómstjórnari frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgeststjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eypórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús


sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sinfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

STÓRVIRKI



Hér fjallar ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON á aðgengilegan hátt um vestræna tónlistarsögu allt frá kaþólskum kirkju-söng til nýjustu hræringa í tónlist nútímans. *Saga tónlistarinnar* er vegleg bók sem hentar jafnt tónlistarfólki, tónlistarunnendum og tónlistarnemum, sem og öllu áhugafólki um listir og menningu.

